

kostnað. Allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 23. júní 1955.

Nr. 8/1954.

**Alþýðusamband Íslands f. h. Verkamanna-
félags Reyðarfjarðarhrepps vegna Stefáns
Bjarnasonar** (Egill Sigurgeirsson hrl.)

gegn

Vegagerð ríkisins

(Brynjólfur Ingólfsson hdl.).

**Dóminn skipuðu hinir reglulegu
dómendur.**

Vörubifreiðar. Vinnuveitandi sýknaður af skaðabótakröfu vegna brots á forgangsréttarákvæðum kjarasamnings.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu dags. 18. nóvember f. á. af Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkamannafélags Reyðarfjarðarhrepps vegna Stefáns Bjarnasonar gegn Vegagerð ríkisins. Eru dómkröfur stefnanda þær, að stefnda verði dæmt að greiða stefnanda kr. 14.269.18 með 6% ársvöxtum frá 17. ágúst 1954 til greiðsludags og málskostnað eftir mati dómsins.

Stefndi krefst algerrar sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Málavextir eru þessir:

Á s.l. sumri lét Vegagerð ríkisins vinna að vegagerð á svonefndum Fáskrúðsfjarðarvegi. Mun vinna þar hafa byrjað síðustu daga maímánaðar og var unnið í Reyðarfjarðarhreppi til 3. júní, en þá fluttist vinnuflokkurinn allur út fyrir Eyrará Ytri í Fáskrúðsfjarðarhrepp, og fór vegavinnan eftir það að öllu leyti fram í þeim hreppi, að því undanskildu, að 5 eða 6 bilhlöss voru flutt yfir ána í veginn í Reyðarfjarðarhreppi. Verkstjóri vegagerðarinnar, sem fór

með verkstjórn við byggingu nefnds vegar, réði til vinnunnar í Fáskrúðsfjarðarhreppi, nokkra atvinnubilstjóra með bifreiðar sínar. Voru tvær þessara bifreiða frá Eskifirði og ein frá Norðfirði.

Um mánaðamótin júní—júli kom formaður Verkamannafélags Reyðarfjarðarhrepps að máli við verkstjóran og gerði kröfu til þess, að teknar yrðu í vegavinnu þessa tvær bifreiðar frá Reyðarfirði, U 184 eign Stefáns Bjarnasonar bifreiðarstjóra og U 34, sem við sögu kemur í öðru máli hér fyrir dómi. Var þessi krafa formannsins á því byggð, að atvinnubilstjórar, sem væru félagsmenn í Verkamannafélagi Reyðarfjarðarhrepps, ættu forgangsrétt til vinnu í Fáskrúðsfjarðarhreppi umfram bifreiðarstjóra þá frá Norðfirði og Eskifirði, sem ráðnir höfðu verið til vinnu þessarar. Skoðun þessa byggði Verkamannafélag Reyðarfjarðarhrepps á ákvæðum í þágildandi kjarasamningi milli Vegamálastjórnarinnar og Alþýðusambands Íslands, dags. 10. júní 1953, en 3. gr. samnings þessa hljóðar svo:

„Vegagerðin tekur ekki á leigu bifreiðar í eigu manna, sem ekki aka þeim sjálfir, meðan völ er á atvinnubilstjórum innan hvers félagssvæðis eða næsta nágrennis með hentugar bifreiðar í öruggu lagi og vel hirtar að dómi verkstjóra og trúnaðarmanns viðkomandi félags. Félagsbundnir atvinnubilstjórar í félagi innan Alþýðusambands Íslands hafi forgangsrétt til vinnu hjá Vegagerðinni og þá hver um sig fyrsta rétt á sínu félagssvæði.

Bifreiðarstjórar skulu, er þeir hefja vinnu hjá Vegagerð ríkisins, leggja fram vottorð um það, hver skráður sé eigandi bifreiðarinnar.

Verkstjóra er heimilt að telja að sá, sem er eigandi bifreiðar samkv. framlögðu vottorði, er bifreiðin byrjar vinnu, sé eigandi hennar þar til það kemur fram af hendi fyrirsvarsmanns viðkomandi stéttarfélags, að eigendaskipti hafi orðið að bifreiðinni.

Nú vinnur verkstjóri á félagssvæði tveggja eða fleiri félaga, og skal hann þá hafa samráð við formenn viðkomandi félaga um vinnuskiptingu milli félaganna, þegar stofnað er til vinnuflokks.“

Fyrirsvarsmenn Vegagerðarinnar töldu kröfu verklyðsfélagsins ekki á rökum reista og sinntu hvorki henni né sams konar kröfu Alþýðusambands Íslands, sem sett var fram í bréfi til Vegamálastjóra, dags. 5. júlí f. á.

Stefnandi byggir kröfur sínar í máli þessu á því, að skilja beri ákvæði 3. gr. nefnds kjarasamnings um forgangsrétt atvinnubilstjóra svo, að þeir eigi samkvæmt 2. mgr. hennar fyrst og fremst algeran forgangsrétt til aksturs á félagssvæði stéttarfélags síns, en auk þess eigi þeir einnig samkvæmt 1. og 2. mgr. rétt til aksturs í næsta nágrenni félagssvæðis síns umfram atvinnubilstjóra úr fjarlægari plássum eða sveitum, enda þótt þeir, sem firr búa, séu einnig félagsmenn í verklyðsfélögum innan Alþýðusambandsins. Af þessu leiði, að Reyðarfjarðarbilstjórinn Stefán Bjarnason, eigandi og ökumaður bifreiðarinnar U 184, hafi samkvæmt kjarasamningnum átt ríkari rétt til aksturs í Fáskrúðsfjarðarhreppi en bifreiðarstjórar þeir frá Norðfirði og Eskifirði, sem akstur stunduðu við nefnda vegagerð, svo sem áður er greint. Telur stefnandi, að fyrirsvarsmenn Vegagerðarinnar hafi með þessu gerzt brotlegir við forgangsréttarákvæði 3. gr. nefnds kjarasamnings og fellt á sig bótaskyldu gagnvart stefnanda, þar sem Stefán Bjarnason, eigandi U 184, hafi vegna sammingsbrots þessa orðið af ökutekjum á tímabilinu frá 1. júlí til 17. ágúst f. á., sem hann hafi átt rétt til, og hann ekki fengið þann skaða bættan með öðrum akstri.

Stefndi neitar því hins vegar eindregið, að ráðning Eskifjarðar- og Norðfjarðarbifreiðanna til aksturs í Fáskrúðsfjarðarhreppi hafi verið brot á forgangsréttarákvæði 3. gr. nefnds kjarasamnings. Heldur hann því fram, að í nefndu ákvæði felist aðeins það, að atvinnubilstjórar innan félags, sem er í Alþýðusambandinu, skuli ganga fyrir um vinnu, hver á sínu félagssvæði, en er því sleppi, eigi Vegagerðin frjálst val um það, hvaða sjálfseignaratvinnubilstjóra úr Alþýðusambandsfélögum hún taki til vinnu. Sé Vegagerðin í því sambandi ekki bundin neinni skyldu til þess að leita fyrst og fremst til atvinnubilstjóra úr næsta nágrenni þess svæðis, sem unnið er á, nema um það sé að ræða, að

taka til vinnu bifreið, sem ekki er ekið af eiganda hennar.

Samkvæmt gögnum málsins fór akstur sá, er um er deilt í máli þessu, allur fram í Fáskrúðsfjarðarhreppi eða utan félagssvæðis stefnanda og var hann framkvæmdur af atvinnubifreiðarstjórum, sem voru félagsmenn í verklýðsfélagi innan Alþýðusambandsins og áttu bifreiðar sínar sjálfir. Þar sem svo stóð á, verður ekki talið, að stefndi hafi sniðgengið forgangsréttarákvæði 3. gr. framangreinds kjarasamnings málsaðilja, þótt verkstjórar Vegagerðarinnar tækju til vinnu þessarar þá atvinnubifreiðarstjóra frá Eskifirði og Norðfirði, sem um ræðir í málinu, enda þótt sú ráðstöfun kunnri að hafa leitt til þess að Stefán Bjarnason, er var félagsmaður í Verkamannafélagi Reyðarfjarðarhrepps, fengi ekki allan þann akstur við Fáskrúðsfjarðarbrautina, sem hann kynni að hafa getað leyst af hendi á tímabilinu frá 1. júlí til 17. ágúst f. á.

Samkvæmt þessu ber að sýkna stefnda af kröfum stefnanda, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Stefndi, Vegagerð ríkisins, á að vera sýkn af kröfum um stefnanda, Alþýðusambands Íslands f. h. Verkamannafélags Reyðarfjarðarhrepps vegna Stefáns Bjarnasonar, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Sératkvæði Helga Hannessonar.

Í 3. gr. kjarasamnings milli Alþýðusambands Íslands og vegamálastjóra, er gerður var 10. júní 1953 segir svo í 1. mgr.:

Vegagerðin tekur ekki á leigu bifreiðar í eigu manna, sem ekki aka þeim sjálfir, meðan völ er á atvinnubílstjórum innan hvers félagssvæðis eða næsta nágrennis með hentugar bifreiðar í öruggu lagi og vel hirtar að dómi verkstjóra og trúnaðarmanns viðkomandi félags.

Í 2. mgr.:

Félagsbundnir atvinnubílstjórar í félagi innan Alþýðusambands Íslands hafi forgangsrétt til vinnu hjá vegagerðinni og þá hver um sig fyrsta rétt á sínu félagssvæði.

Í 5. mgr.:

Nú vinnur verkstjóri á félagssvæði tveggja eða fleiri félaga, og skal hann þá hafa samráð við formenn viðkomandi félaga um vinnuskiptingu milli félaga, þegar stofnað er til vinnuflokka.“

Ákvæði 5. mgr. 3. gr. nefnds kjarasamnings eru sett til þess að fyrirbyggja þegar í upphafi, að deilur rísi út af vinnutilhöguninni, er vinna fer fram á fleiri en einu félagssvæði.

Í mál þessu er upplýst, að viðkomandi verkstjóri fer *ekki* eftir þessu samningsákvæði, er hann stofnar vinnuflokk sinn, hvað bifreiðastjórávinnu snertir, þótt hann ætli að vinna á fleiri en einu félagssvæði.

Verður því að telja þetta brot verkstjórans á samningnum frumorsök þeirrar deilu, er svo rís út af bilavinnunni í vinnuflokki hans.

1. og 2. mgr. kjarasamningsins tel ég að skýra beri á þann veg, að þar sem verkstjórinn leitar ekki eftir samkomulagi við formenn verklýðsfélaganna á félagssvæðum þeim, er hann ætlaði að vinna á, um stofnun vinnuflokks, þá hafi honum borið skylda til að taka einvörðungu í vinnu bifreiðar, er voru í eigu félagsbundinna bifreiðastjóra innan Alþýðusambandsins á félagssvæði því, er hann vann á hverju sinni, en væru ekki þar fyrir hendi nægilega margar slíkar bifreiðar, ættu bifreiðastjórar þeir, er voru á næsta félagssvæði við það, er unnið var á, forgangsrétt til vinnunnar, sbr. ákvæði 1. mgr.

Samkvæmt þessu ákvæði 1. mgr. 3. gr., gerir formaður Verkamannafél. Reyðarfjarðarhrepps þá kröfu til viðkomandi verkstjóra, að hann taki bifreiðastjóra þess verkamannafél. í vinnu á undan bifreiðastjórum af félagssvæðum, er lágu fjær vinnustað en félagssvæði Verkam.fél. Reyðarfjarðarhrepps, og út af ágreiningi um þetta atriði, er mál þetta höfðað fyrir Félagsdómi.

Með tilliti til þess er að framan greinir, tel ég að fallast beri á það sjónarmið stefnanda, að stefndi hafi með þeirri ráðstöfun á akstri, sem um er deilt í máli þessu, brotið ákvæði 3. gr. kjarasamningsins frá 10. júní 1953, og þar með orðið skaðabótaskyldur gagnvart stefnanda.

Samkvæmt þessu ber að dæma stefnda til þess að greiða stefnanda stefnukröfuna kr. 14.269.18, að frádrægnum 60%. En það er sá hundradshluti af reksturskostnaði bifreiða, er samningurinn gerir ráð fyrir að gangi til að greiða benzín, smurolíur, gúmmí, viðgerðir og varahluti. En slík útgjöld er ekki um að ræða af bifreið, sem ekki er starfrækt.

Þá greiði stefndi stefnanda 6% vexti af tildæmdri upphæð frá 17. ágúst 1954 til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum er stefnda gert að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 1500.00.

Dómsorð mitt verður því þannig:

Stefndi, Vegagerð ríkisins, skal greiða stefnanda, Alþýðu-

sambandi Íslands f. h. Verkamannafél. Reyðarfjarðarhrepps vegna Stefáns Bjarnasonar kr. 5707.67 auk 6% vaxta frá 17. ág. 1954 til greiðsludags. Þá greiði stefndi kr. 1500.00 í málskostnað. Allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 27. október 1955.

Nr. 3/1955. **Vinnuveitendasamband Íslands f. h. Vinnuveitendafélags Akureyrar**

(Agnar Gústafsson hdl.)

gegn

Alþýðusambandi Íslands f. h. Landssambands íslenzkra sjálfseignarvörubifreiðastjóra

vegna Vörubílstjórafélagsins Vals á Akureyri

(Jón Þorsteinsson hdl).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómendur.

Vörubifreiðar. Vörubílstjórafélagi talið heimilt að setja það ákvæði í samþykktir sínar, að aliir félagsmenn skuli hafa afgreiðslu á sameiginlegri stöð félagsins.

Dómur.

Mál þetta er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu dags. 9. marz þ. á. af Vinnuveitendasambandi Íslands f. h. Vinnuveitendafélags Akureyrar gegn Alþýðusambandi Íslands f. h. Landssambands ísl. sjálfseignarvörubifreiðarstjóra vegna vörubílstjórafélagsins Vals á Akureyri. Eru dómkröfur stefnanda þær, að dæmt verði, að það sé brot á samningi Vörubílstjórafélagsins Vals annars vegar og Vinnuveitendafélags Akureyrar o. fl. hins vegar, dags. 13. sept. 1954, að vörubílstjórafélagið Valur setti hinn 9. janúar 1955 það ákvæði í samþykktir félagsins, að sérhver félagsmaður, sem hefur bifreið sína í akstri, sé skyldur til þess að hafa hana í afgreiðslu á bifreiðastöð félagsins. Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.